

Nd.

561. Nefndarálit

[147. mál]

um frv. til 1. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta inniheldur aðallega þær breytingar á húsnæðismálalöggjöfni, sem um var samið að gerðar skyldu samkvæmt júnísamkomulaginu svokallaða.

Heimild sú, sem í frumvarpinu er veitt sveitarfélögum til að byggja leigu-húsnæði, er til bóta.

Undirritaður mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Kannaðir voru möguleikar þess í nefndinni að fá meiri hlutann til að fallast á meiri lagfæringar á löggjöfni, en öllu slíku var synjað.

Þar sem nú líður að þinglokum, en nauðsynlegt er, að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu þingi, tel ég ekki rétt að flytja margar breytingartilögur við frumvarpið, og engar þær, er orðið gætu til að bregða fæti fyrir afgreiðslu þess.

Nánast teldi ég það, að menn mættu velja um vaxtakjör og að lánsupphæðin yrði á hverjum tíma sem næst því verðgildi, er hún hafði, þegar júnísamkomulagið var gert, vera ákvæði til að tryggja rétta framkvæmd samkomulagsins, eins og frá var gengið, og leyfi ég mér því að flytja eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 7. gr. Fyrsti málslíður í B-lið orðist svo:

Lánsupphæðin skal nema allt að kr. 310000.00 á hverja íbúð, og breytist upphæðin samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er á hverjum tíma. Lánsupphæðin má þó ekki nema meira en  $\frac{3}{4}$  hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans.

2. Við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Unz sett hafa verið lög um verðtryggingu lána almennt, er lántakendum heimilt að velja milli lánskjara samkvæmt lögum þessum, sbr. ákvæði C-liðar 7. gr. um ársvexti og vísitölutryggingu, og þess, að lánin séu með  $7\frac{1}{4}\%$  ársvöxtum og án vísitöluálags.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Hannibal Valdimarsson.